

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 9. mars 2011
ÞG/SLB/016/2011

Efni: Frumvarp til laga um rannsókn á stöðu heimilanna - 314. mál.

Vísað er til tölvubréfs dags. 2. mars 2011 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.


Þingið er enn með til meðferðar frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja á þingskjali 269 – 238. mál. Hér virðist vera um sambærilegt frumvarp að ræða og vísast því einnig í umsögn Tryggingastofnunar um það mál.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins er m.a. opinberum aðilum skylt að miðla upplýsingum til Hagstofunnar á því formi og á þeim tíma sem Hagstofan tiltekur.

Afar mikilvægt er að nýta gögn Tryggingastofnunar við úttekt á fjárhagsstöðu heimila, en Tryggingastofnun hefur yfir að ráða miklu magni viðkvæmra upplýsinga sem stofnunin er bundin þagnarskyldu um. Mikilvægt er að varlega sé farið við vinnslu slíkra gagna og gæta þarf þess að hún brjóti ekki í bága við persónuverndarlög. Þá þarf að mæta kostnaði stofnunarinnar vegna aukinnar gagnaöflunar og nýrra úrvinnslu gagna, verði um slíkt að ræða.

Tryggingastofnun hefur á undanförunum misserum þurft að hagræða verulega í rekstri sínum, bæði vegna skipulagsbreytinga í almannatryggingum með tilkomu Sjúkratrygginga Íslands og eins vegna almennra hagræðingakrafna ríkisins í kjölfar bankahruns. Stofnuninni er nú þegar skorinn mjög þröngur stakkur við að sinna lögboðnu hlutverki sínu og hefur því takmarkað svigrúm til að bæta við sig verkefnum. Viðskiptamannahópur stofnunarinnar er a.m.k. 55 þúsund manns í hverjum mánuði og er því viðbúið að kostnaður við upplýsingagjöf og samkeyrslu upplýsinga um bótaþega gæti orðið umtalsverður.

Virðingarfyllt,


Sigríður Lilly Baldursdóttir
forstjóri